


Frjómælingar á Akureyri og í Reykjavík í ágúst 2007

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 7. september 2007.

Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna í ágústmánuði á Akureyri reyndist undir meðallagi. Eins og endranær voru grasfrjó algengust. Þau fóru í eitt skipti yfir 100, þann 7. ágúst, þegar frjótalan náði 172 (sjá myndrit). Mánuðurinn reyndist kaflaskiptur eins og oft áður. Fyrstu fimm dagana voru frjótölur lágar síðan komu þrír dagar þegar mikið var um frjókorn og 7. ágúst náðu grasfrjó hámarki eins og áður sagði. Frjótölur héldust lágar um miðjan mánuðinn en risu aftur 18. ágúst og héldust yfir meðallagi í tæpa viku. Að lokum kom stakur dagur, 28. ágúst, þegar grasfrjó ruku upp, langt yfir meðaltalið. Síðan hafa frjótölur verið lágar og tvo síðustu daga mánaðarins mældust engin frjókorn, hvorki grasfrjó né frjókorn annarra plöntutegunda.

Í heild reyndust frjókorn annarra tegunda en grasa fá í ágúst og frjótala þeirra varð aldrei hærri en 3. Ekki er gott að segja til um framhaldið en alltaf má búast við grasfrjóum fram eftir septembermánuði á Akureyri eða svo lengi sem ekki frystir.




Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu. Frjótala grasa fór hæst í **172** þann 7. ágúst. Frjótala er mælieining fyrir magn frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Reykjavík. Ágúst 2007 reyndist hálfdrættingur hvað heildarfrjómagnt varðar borið saman við meðaltal fyrri ára. Grasfrjó voru algengust og voru þau undir meðaltali síðustu 18 ára, eða rúmlega 500. Frjótalan fór einu sinni, þann 11. ágúst, yfir 100. Hún var há þrjá fyrstu daga mánaðarins og aftur rétt fyrir miðjan mánuðinn, frá 10. til 15. (sjá myndrit). Í vætutíðinni síðari hluta ágústmánaðar héldust frjótölur grasa lágar og frá 20. ágúst hefur frjótalan ekki farið yfir 10.

Lítið mældist af öðrum frjógerðum. Meðal þeirra bar mest á frjókornum tegunda af rósaætt í byrjun mánaðarins, en fífla- og lyngfrjó komu stopult fyrir fram undir 28. ágúst. Góð sumartíð syðra hafði það í för með sér að frjótímanum lauk fyrir í ár en í fyrra. Þegar grasfrjó mælast ekki hvern dag í vikutíma þá er frjótímanum lokið. Engin grasfrjó mældust 26. ágúst og 1. september þannig að nú er frjótíma grasa lokið syðra.



Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu. Grasfrjó fóru hæst í **143** þann 11. ágúst.

Algengast er að lítið sé um frjókorn í september, helst þó að grasfrjó mælist en þá yfirleitt í litlu magni eða innan við 10 frjókorn í rúmmetra lofti á sólarhring og fæstir finna fyrir því. Komi hins vegar langir þurrviðris- og hlýindakafklar getur frjódreifing farið af stað á ný, fyrirbæri sem einkum er þekkt úr frjómælingum fyrir norðan.

Þetta er síðasta fréttatilkynning sumarsins um frjómælingar en þær standa út september. Yfirlit um mælingarnar í ár munu birtast á vef Náttúrufræðistofnunar í byrjun nóvember þegar uppgjör og samanburður við fyrri ár liggur fyrir.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Reykjavík 7. september 2007

Margrét Hallsdóttir
netfang mh@ni.is

